

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**6. febrúar 2024**

## **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að draga til baka fyrirhugaðar sumarlokunir bókasafna**

Í ljósi þess hve bókasöfn er samfélagslega mikilvæg er lagt til að hætt verði við fyrirhugaða sumarlokun borgarbókasafna Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því að bókasöfnin verði lokuð til skiptis í þrjár vikur í sumar og er það sett fram í kjölfar hagræðingarkröfu. Áætlað er að sparnaður í krónum talið vegna sumarlokunar bókasafnanna verði 21 milljón. Ljóst er að niðurskurður í samfélagslegri þjónustu getur leitt til kostnaðarauka annarsstaðar. Borgarstjórn samþykkir að standa vörð um þá mikilvægu starfsemi sem fer fram á bókasöfnum og draga til baka fyrirhugaða sumarlokun þeirra. Kostnaðurinn verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Almenningsbókasöfn gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem nauðsynlegt er að standa vörð um. Borgarbókasafni hefur verið gert að hagræða í rekstrinum þetta ár sem og síðustu ár. Mjög erfitt er að mæta slíkum kröfum þar sem það er af mjög litlu að taka. Í tillögunni er lagt til að fjármagna sumaropnun bókasafna af liðnum ófyrirséð en aðrar fjármögnunarleiðir standa til boða, má þar nefna að hætta við að hækka grunnlaun borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa í eitt ár. Ofan á grunnlaun leggjast aukagreiðslur t.a.m. vegna setu í ráðum og nefndum. Grunnlaun miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Sjá nánar hér: <https://reykjavik.is/laun-og-kostnadargreidslur-borgarfulltrua>. Á árinu 2024 er áætlað að kostnaður vegna þessara launahækkana verði 21 milljón.